

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning fyrstu stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna og endurskoðenda fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, eftir gildistöku laganna, og fellur þá niður umboð stjórnar og endurskoðenda Byggingarsjóðs skv. lögum nr. 36 frá 16. febrúar 1952.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkvæmt II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir:

Sameinað Alþingi kýs þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fjóra menn eftir tilnefningum Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegs-